

Fjármálaráðuneytið  
Hr. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2011

**Efni: Ráðning í starf forstjóra Bankasýslu ríksins.**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. þ.m., þar sem óskað var eftir því með vísan til nánar tilgreinda laga að stjórn Bankasýslu ríkisins veitti upplýsingar um hvernig lögbundið hæfismat, sbr. 1.-3. mgr. 6. gr. laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009, hafi verið framkvæmt og hvernig ráðningarferlinu hafi verið háttáð að öðru leyti. Tilefni fyrirspurnarinnar var tilkynning stjórnar um ráðningu Páls Magnússonar í starf forstjóra stofnunarinnar.

Hér að neðan fer rökstuðningur fyrir ráðningunni.

Þann 3. ágúst sl. var gerð skrifleg greining á starfinu og greining á hæfniskröfum ásamt greiningu á æskilegum persónueiginleikum sem forstjóri Bankasýslu ríkisins þarf að búa yfir til að gegna starfinu.

Staða forstjóra var auglýst laus til umsóknar 6. ágúst sl. og bárust alls níu umsóknir. Tveir umsækjendur töldust ekki uppfylla hæfniskröfur og þrír drógu umsóknir sínar til baka.

Stjórn Bankasýslunnar lagði ásamt ráðgjafa frá fyrirtækinu Capacent mat á umsóknirnar og var lagt til grundvallar að ráðningarferlið væri faglegt og vandað.

Í auglýsingu var starfssvið forstjóra Bankasýslu ríkisins lýst þannig:

- Stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og vinna vegna sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhlut í
- Samningagerð
- Eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins
- Samskipti við fjölmíðla

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérþekking á banka- og fjármálum
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Á fundi 5. september sl. ákvað stjórn, í samráði við ráðgjafann, að leggja eftirfarandi próf fyrir sjö umsækjendur:

1. **Persónuleikaprófið OPQ32** – leggur mat á hvaða persónulega hæfileika próftaki hefur með tilliti til vinnuaðstæðna.
2. **Inductive Reasoning** – mæling á hugrænni hæfni. Prófið spáir fyrir um hæfileika próftaka til að setja sig hratt inn í nýjar aðstæður og hæfileika hans til að draga hratt réttar ályktanir af ófullkomnum upplýsingum. Bæði þessi próf koma frá breska prófafyrirtækinu SHL. Forspárgildi beggja prófana um árangur í starfi hefur verið staðfestur í fjölda rannsókna.
3. **Raunhæft verkefni** - leggur mat á hversu vel umsækjandi leysir dæmigert verkefni úr komandi starfsumhverfi. Aðferðin þykir sýna vel hæfileika og getu umsækjenda til að fást við daglega þætti í starfinu. Verkefnið var útbúið af Bankasýslunni og fólst annarsvegar í að rita bréf frá Bankasýslunni til Fjármálaráðuneytisins varðandi sölu á eignarhlut ríkisins í ákveðnum sparísjóði og hins vegar minnisblað til starfsmanna varðandi sama efni.

Á fundi 12. september sl. voru niðurstöður persónuleikaprófs kynntar stjórn Bankasýslunnar auk þess sem farið var yfir mat stjórnarmanna á raunhæfa verkefninu. Jafnframt var ákveðið að leggja fyrir **Numerical hæfnispróf** fyrir þá 4 umsækjendur er höfðu komið best út úr fyrri prófum. Prófið metur talnagleggji með raunhæfum verkefnum sem hafa beina tengingu við vinnumarkaðinn. Prófið hentar því fyrir mat á umsækjendum vegna starfa sem krefjast hæfni til að vinna með tölur, hvort sem er við ákvarðanatöku, mat á möguleikum, skilning á vandamálum eða önnur verkefni. Forspárgildi prófsins um árangur í starfi hefur verið staðfestur í fjölda rannsókna. Þess ber að geta að prófið leggur mat á núverandi hæfni próftaka til að lesa úr töflum og myndum. Um er að ræða hæfileika sem getur þjálfast við breytt verkefni. Með tilliti til huglægrar getu Páls ætti hann búa yfir getu til að auka færni sína á lestri á gögnum úr töflum og myndum í nýju starfi.

Eftir að niðurstöður prófa lágu fyrir var ákveðið að taka viðtöl við fjóra einstaklinga. Ítarleg sérhæfð viðtöl um starfið voru tekin við alla fjóra umsækjendur, þar sem allir fengu sömu spurningar. Tók hvert viðtal um klukkustund.

Í upphafi viðtals var verkefni lagt fyrir umsækjendur þar sem nauðsynlegt var að vinna hratt og örugglega en verkefninu var meðal annars ætlað að sýna hvernig viðkomandi ynni undir álagi. Umsækjendur héldu munnlega kynningu á verkefninu þar sem reyndi á framkomu og tjáningu.

Af þeim fjórum einstaklingum sem taldir voru hæfir til að gegna starfinu var umsækjandinn Páll Magnússon metinn hæfastur og þar af leiðandi best til þess fallinn að gegna starfinu.

Í 6. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýlu ríkisins, er kveðið á um hæfisskilyrði jafnt stjórnar sem forstjóra. Samkvæmt ákvæðinu skulu stjórnarmenn auk annars hafa haldgóða menntun auk sérþekkingar á banka- og fjármálum. Páll Magnússon hefur lokið BA í guðfræði, en auk þess hefur hann lokið meistaraprófi í stjórnsýslufræðum (MPA) frá Háskóla Íslands. Í meistaránámi, sem hann einn umsækjenda hefur lokið, lagði hann m.a. áherslu á að kynna sér stefnumótun í opinberum rekstri. Í athugasemendum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 88/2009 kemur fram sá vilji löggjafans að þar sem um fagstofnun sé að ræða þurfi stjórnarmenn og forstjóri að hafa góða og fjölbreytta menntun. Ekki eru gerðar frekari kröfur um menntun eða prófgráðu í lögunum. Af því leiðir að það kemur í hlut ráðningaraðila að leggja mat á það hvort umsækjandi um starf forstjóra uppfylli skilyrði laganna um haldgóða menntun. Að mati stjórnar Bankasýslunnar uppfyllti Páll Magnússon þær menntunarkröfur sem lögin áskilja.

Að sama skapi uppfyllti Páll kröfur laganna varðandi sérþekkingu á banka- og fjármálum. Páll hefur starfað sem bæjarritari og sviðsstjóri hjá Kópavogsbæ sl. 5 ár. Í starfi sínu hefur Páll borið ábyrgð á daglegum rekstri stjórnsýslusviðs, áætlanagerð, fjárhagseftirliti og uppgjörum sem eru umfangsmikil verkefni á fjármálasviði. Páll leiðir vinnu við áætlanagerð ásamt bæjarstjóra og fjármálastjóra bæjarins auk þess sem hann hefur talsvert komið að fjármögnum bæjarins, nú síðast í stóru skuldabréfaútboði (6 milljarðar) í samvinnu við Landsbanka Íslands þar sem fjármögnun bæjarins var tryggð til ársins 2013. Páll hefur setið í stjórnum nokkurra fyrirtækja, m.a. í stjórn Landsvirkjunar og þar af sem stjórnarformaður í eitt ár. Hann sat í stjórn RÚV í nokkur ár, m.a. sem varaformaður útvarpsráðs og síðar RÚV ohf., í stjórn Fjárfestingarstofu, en sem stjórnarformaður, kom hann m.a. að samningagerð við erlenda fjárfesta, m.a. Alcoa um byggingu álvors á Reyðarfirði. Páll starfaði sem aðstoðarmaður ráðherra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu á árunum 1999-2006. Málefni fjármálamarkaða heyrðu undir ráðuneytið og var þar meðal annars unnið að undirbúningi lagasetningar á sviði fjármálamarkaðar og verðbréfaviðskipta og eftirlits með fjármálfyrirtækjum. Páll vann ásamt yfirstjórn ráðuneytisins að stefnumörkun fyrir ráðuneytið og þekkir því vel til starfsemi fjármálamarkaða. Þá var Páll varamaður í stjórn Norræna fjárfestingarbanks (NIB) í 7 ár.

Auk þeirra menntunar- og hæfniskrafna sem gerðar voru til umsækjenda og fram komu í auglýsingum starfið gerði stjórn, að undangenginni greiningu á persónueiginleikum sem forstjóri þarf að búa yfir til að gegna starfinu, viðbótarkröfur til umsækjenda. Þær voru eftirfarandi:

- Ákvarðanataka og frumkvæði
- Forysta og stjórnun
- Tengslamyndun
- Kynningar og samskipti
- Skrifleg færni og skýrslugerð
- Mótun stefnu og hugmyndavinna
- Skipulag og áætlanir
- Álags- og streituþol

Ef einstök próf og niðurstöður þeirra eru skoðaðar þá var Páll Magnússon efstur umsækjenda á huglæga getuprófinu (Inductive Reasoning). Miðað við starfsgreiningu er persónuleikaprófill Páls með næst besta samsvörum við hana úr hópi umsækjenda. Þá var hann næst efstur umsækjenda á persónuleikprófinu. Páll uppfyllti hæfiskröfur laga um sérþekkingu á banka- og fjármálum, tveir umsækjendur uppfylltu skilyrðið betur en hann og einn síður. Þá var Páll metinn ásamt tveimur öðrum umsækjendum með jafn mikla stjórnunarreynslu, en einn umsækjandi var talinn hafa minni stjórnunarreynslu. Á það skal bent að Páll er einn umsækjenda sem gegnir stjórnunarstarfi í dag. Hvað úrlausn raunhæfs verkefnis varðar, þá voru Páll og annar umsækjandi jafnir að stigum og hærri en hinir tveir umsækjendurnir. Í Numerical prófinu varð Páll þriðji.

Eftir að hafa lagt heildstætt mat á niðurstöður þeirra viðtala og prófa sem umsækjendur voru látnir undirgangast í ráðningarférlinu var það niðurstaða stjórnar Bankasýslunnar að Páll væri hæfastur til að gegna starfinu.

Þá réði það ekki síður úrslitum um ákvörðun stjórnar að bjóða Páli Magnússyni starfið, þekking hans fram yfir aðra umsækjendur í stjórnsýslufræðum auk þess sem hæfni hans í mannlegum samskiptum og í tjáningu í ræðu og riti var metin talsvert betri en annarra umsækjenda. Þá voru þau meðmæli sem Páll fékk afar góð, en leitað var eftir meðmælum frá þremur aðilum og voru þau öll samhljóma.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið var ráðningarferli við ráðningu í starf forstjóra Bankasýslu ríkisins afar vandað og faglegt. Var í því sambandi stuðst við viðurkenndar matsaðferðir og mælingar. Eftir að mat hafði verið lagt á hæfniskröfur samkvæmt auglýsingu sem og þær viðbótarkröfur sem stjórn Bankasýslunnar gerði til umsækjenda var suð ákvörðun tekin að bjóða Páli Magnússyni starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Byggði ákvörðun á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum og að teknu tilliti til eiginleika Páls til að gegna starfinu. Telur stjórn Bankasýslu ríkisins engum vafa undirþrótt að Páll Magnússon hafi uppfyllt laga- sem og aðrar hæfniskröfur sem gerðar voru og verið hæfastur umsækjenda um starfið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bankasýslu ríkisins

  
\_\_\_\_\_  
Þorsteinn Þorsteinsson  
formaður stjórnar